

Innköllun á svínseyrum

Hundaeigendur eru varaðir við að gefa dýrum eina lotu af svínseyrum vegna gruns um salmonellu og of hátt magn iðragerla. Petmark ehf sem flytur inn vöruna innkallar hana í samráði við Matvælastofnun.

Innköllunin á við svínseyru keypt í Gæludýr.is og Bendi frá 1.5.2021-6.6.2021

Vörumerki: Natur pur be-so

Vöruheiti: Svínseyru

Lotunr: 05 01 15 21

Best fyrir dagsetning: 13.5.2022

Strikamerki: Óstrikamerkt

Nettómagn: 1 stk

Framleiðandi: Be-So GmbH, Þýskalandi fyrir Petmark ehf

Upprunaland: Þýskaland

Innflytjandi: Petmark ehf, Völuteig 6, 270 Mosfellsbæ

Dreifing: Bendir og Gæludýr.is



Viðskiptavinir sem keypt hafa ofangreinda vöru eru beðnir um að farga henni eða skila á sölustað. Nánari upplýsingar veitir Petmark ehf í síma 577-5313 en einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið petmark@petmark.is